

## GJALDSKRÁ

### Geislavarna ríkisins.

#### 1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatakjum og geisla-virkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	63.151
b) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	22.847
c) Tölvusneiðmyndataeki og O-bogar fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	81.460
d) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	29.875
e) Tölvusneiðmyndataeki við tannlækningar	108.707
f) Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða) fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	63.204
g) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	31.500
h) Öryggisröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni: 5 eða færri á sama stað	13.548
i) Röntgentæki til efnarannsóknar og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar	84.636
	53.359
	27.248
	49.135
	15.820
	35.904
	15.820
	11.430
	31.500
	11.430
2. <i>Geislalækningataeki og línuhraðlar:</i>	82.461
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	28.009
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknarstofa í flokki A eða sambærileg notkun	91.112
Rannsóknarstofa í flokki B eða sambærileg notkun	61.967
Rannsóknarstofa í flokki C eða sambærileg notkun	39.518
Framleiðsla á geislavirkum efnum	52.527
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir	49.093
fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	19.826
aðrar lokaðar geislalindir	45.997
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
5 eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann	13.549
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað með sama ábyrgðarmann	11.430
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Almennar TLD mælingar fyrir hvert mælitímabil	2.217
Fyrir hvern TLD mæli sem tynist eða skemmist	6.105
Sérhæfðar TLD mælingar fyrir hvert mælitímabil	4.434

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

## 2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	<i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreininga:</i>	kr.
	a) Önnur röntgentæki en tannröntgentæki	15.758
	b) Tannröntgentæki	10.505
2.	<i>Vegna geislalækningatækja og línuhraðla:</i>	26.263
3.	<i>Vegna iðnaðartækja í opinni stöðu:</i>	15.758
4.	<i>Vegna öryggis-, efnarannsóknna og gæðaeftirlitsröntgentækja:</i>	10.505
5.	<i>Vegna nýrrar eða breyttrar aðstöðu:</i>	15.758
6.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
	a) Nifteindalind eða hágeislavirk lind (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015)	21.117
	b) Aðrar geislalindir	15.758
7.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
	a) Ný starfsemi:	
	i. Flokkur A	26.264
	ii. Flokkur B	21.011
	iii. Flokkur C	15.758
	b) Árleg endurnýjun:	
	i. Flokkur A	26.264
	ii. Flokkur B	21.011
	iii. Flokkur C	15.758
8.	<i>Vegna framleiðslu geislavirkra efna:</i>	210.006
9.	<i>Vegna notkunar leysa og leysibenda:</i>	10.505
10.	Geislavarnir innheimta gjald sem nemur 10.505 kr./klst. vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga nr. 44/2002, vegna annars en þess sem talið er upp hér að ofan.	

## 3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

## 4. gr.

Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits vegna þess að ekki er orðið við kröfum um úrbætur innan tiltekins tíma skal innheimt gjald samkvæmt 5. gr. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna þess að ekki hefur verið orðið við kröfum um úrbætur sem gerðar voru við reglubundið eftirlit þrátt fyrir endurtekna eftirfylgni skal greiða fyrir það líkt og um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

## 5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 10.505 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verk-efni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjald-  
daga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni eða geislun skal stofnunin innheimta gjald, að upphæð kr.  
26.266. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 4.101.  
Fyrir mælingar á rafsegulsviði, útfjólublárrí geislun og geislun frá leysum skal stofnunin innheimta  
kr. 26.266 fyrir allt að 8 mælingar á sama stað. Fyrir mælingu á geislun frá leysibendum skal stofn-  
unin innheimta kr. 10.505 fyrir allt að 4 mælingar. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar skal inn-  
heimta kr. 2.626.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari  
breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr.  
548/2016.

*Velferðarráðuneytinu, 2. maí 2017.*

**Óttarr Proppé**  
heilbrigðisráðherra.

*Margrét Björnsdóttir.*